

Reglugerð um bikarkeppni BLÍ

1. gr.

Keppnin er útsláttarkeppni. Öllum félögum innan BLÍ er heimil þátttaka og mega þau senda inn fleiri en eitt lið frá hverju félagi, a, b o.s.fv., leikmanni er þó einungis heimilt að leika með einu félagi í keppninni.

2. gr.

Keppt skal samkvæmt útsláttarfyrikomulagi, þannig að sigurvegari leiks heldur áfram keppni en taplið er úr leik. Mótanefnd BLÍ setur félögum tímamörk fyrir einstaka umferðir og setur á leiki. ~~Það lið sem fyrst dregst fær heimaleik, þó skal það lið sem er í lægri deild ávallt fá heimaleik gegn liði sem er úr efri deildum.~~ **Lið í lægri deild eða utan deildar skal ávallt fá heimaleik gegn liði sem er úr efri deild. Þegar komið er í átta liða úrslit skal það lið fá heimaleik sem fyrr er dregið úr pottinum.** Lið skulu deila með sér ferðakostnaði (þó ekki gisti - né fæðiskostnaði) ef farið er um lengri leið en 100 km í aðra átt, séu innan við 500 km í aðra átt landleiðina skal miða við aksturskostnað annars kostnaður við flug. Lið skulu eingöngu skipta útlögðum kostnaði á milli sín, BLÍ er heimilt að biðja um nótur því til sönnunnar.

3. gr.

- Í fyrstu umferð skulu leika lið sem spila í 2. deild eða neðar, skipt eftir kjördæmum. Þó þannig að Reykjavíkurborgkjördæmin og Suðvesturkjördæmi (kraginn) teljist eitt kjördæmi.
- Í annarri umferð koma inn lið úr 1. deild. Að þeirri umferð lokinni koma inn lið úr Úrvalsdeild nema ef heildarfjöldi liða að meðtöldum úrvalsdeildarliðum sé fleiri en 16. ef svo er skulu neðri deildarliðin leika eins margar umferðir og þarf þangað til heildarfjöldi liða að meðtöldum úrvalsdeildarliðum er orðinn 16 eða færri.
- Þátttökugjald skal ákvarðast af mótanefnd í samráði við gjaldkera BLÍ ár hvert.
- Mæti lið ekki til leiks skal það sektað samkvæmt reglugerð um Íslandsmót og deildakeppni.

4. gr.

Þegar úrvalsdeildarliðin koma inn í keppnina skal dregið í 16 - liða úrslit (8 - liða úrslit séu liðin átta eða færri). Komi til þess að lið þurfi að sitja yfir við slíkan drátt til að koma fjölda liða í heilt veldi af tveimur skulu liðin sitja yfir í eftirfarandi röð miðað við úrslit síðasta keppnistímabils:

1. Bikarmeistarar
2. Íslandsmeistarar
3. Deildarmeistari úrvalsdeildar

4. Það lið sem varð í 2. sæti í bikarkeppninni
5. Það lið sem varð í 2. sæti í deildarkeppni úrvalsdeildar
6. Það lið sem varð í 3. sæti í deildarkeppni úrvalsdeildar

Og svo koll af kolli samkvæmt úrslitum í deildarkeppni úrvalsdeildar. Lið sem féll úr úrvalsdeild skal þó raðast neðar en það lið sem vann sig upp í úrvalsdeild. Nýtt lið í úrvalsdeild (ef ekkert lið fellur) skal raðast neðst. Ef fleiri en eitt nýtt lið bætist í úrvalsdeildina skal varpa hlutkesti um röð þeirra við yfirsetu.

5. gr.

Undanúrslit og úrslit fara fram á einni helgi. BLÍ ræður leikstað og tíma. Draga skal fyrst heimalið í fyrri undanúrslitaleikinn og svo útilið, svo skal draga heimalið í seinni undanúrslitaleikinn og þá útilið.

Þau 4 lið sem komast í úrslitahelgina deila með sér ferðakostnaði sbr. 2. grein þessarar reglugerðar.

6. gr.

Leikið skal eftir þeim leikreglum sem gilda frá FIVB.

7. gr.

Heimalið skal eiga rétt á að velja búning í undanúrslitum og úrslitum. Lið skulu ekki vera í samskonar lituðum búningum.

8. gr.

Heimilt er að selja nafn bikarkeppinnar.

Reglugerð Samþykkt á 45. ársþingi BLÍ, 10. mars

Rökstuðningur: